

13. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða;
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari;
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma;
- d. leyfishafi greiðir ekki útvarpsafnotagjald sitt.

163

2. des.

14. gr.

Póst- og simamálastjórnin getur um stundarsakir veitt undanþágu frá framan- greindum ákvæðum til erlendra manna, er starfa á vegum ríkisstjórnarinnar, og setur þá sérstakar reglur í leyfisbréf til þeirra.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða að láta innsigla það.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

17. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 10. desember 1954. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um radió-leyfi áhugamanna frá 7. febrúar 1947.

Póst- og simamálastjórnin, 2. desember 1954.

Guðmundur Hlíðdal.

Einar Pálsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Josephine Einars- 164 son“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. des. 1954. 7. des. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Josephine Einarsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Josephine Einarsson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka göfgi og snilld í hugsun og riti fólks á herra og lægra menntastigi, með auglýstri frjálsri samkeppni í mismunandi flokkum. Samkeppni þessi kallast: „Ritverkasamkeppni Minningarsjóðs Josephine Einarsson.“

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 80 000. — áttatíu þúsund krónur, — sem ásamt gjöfum og þeim vöxtum sem tiltekið er í þessari skipulagsskrá kallast höfustóll hans. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

164
7. des.

4. gr.
Sjóðurinn skal varðveittur og ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

5. gr.
Stjórn sjóðsins er falin Menntamálaráði Íslands.

6. gr.
Allir vextir skulu leggjast við höfuðstólinn hin fyrstu (30) þrjátíu ár, en eftir það skulu ($\frac{2}{5}$) tveir fimmtu hlutar ársvaxtanna lagðir við höfuðstól, en ($\frac{3}{5}$) þrír fimmtu hlutarnir falli til útborgunar til stjórnar sjóðsins, svo hún geti varið fé þessu eftir því sem fyrir er mælt í 7. gr. hér á eftir.

7. gr.
Vaxtafé því, sem til útborgunar fellur ár hvert, skal stjórn sjóðsins verja til verðlauna í Ritverkasamkeppni Minningarsjóðs Josephine Einarsson. Verðlaun skulu veitt í (3) þremur flokkum. Hið fyrsta ár sem verðlaun eru veitt, skal það gert í 1. flokki. Á öðru ári skulu verðlaun veitt í 2. og 3. flokki. Hið þriðja ár í 1. flokki og þannig áfram. Annað hvort ár veitt verðlaun í 1. flokki og hitt árið í 2. og 3. flokki. Verðlaunaveitingar skulu vera sem nú greinir:

- a. Í 1. flokki er keppt með stórum verkum í bundnu og óbundnu máli. Þegar minningarsjóðurinn er orðinn það stór, að vaxtahlutinn, sem til verðlauna gengur, nemur fullum árslanum í 1. launaflokki starfsmanna ríkisins má stjórnin veita fleiri en ein verðlaun og mega þau vera mishá.
- b. Í 2. flokki er keppt í minni verkum í bundnu og óbundnu máli. Heildarfjárhæð verðlaunanna í þessum flokki skal vera ($\frac{2}{3}$) tveir þriðju vaxtahlutans, sem til útborgunar fellur hverju sinni. Í þessum flokki skulu veitt I., II. og III. verðlaun. Fyrst um sinn skulu I. verðlaun vera kr. 4000 — fjögur þúsund krónur, II. verðlaun kr. 3000 — þrjú þúsund krónur, en ef notagildi peninga fellur að mun má sjóðstjórnin hækka fjárhæð verðlaunanna, sem svarar rýrnuninni og fækkar þá tala þeirra, sem verðlaun hljóta í samræmi við það.
- c. Í 3. flokki er keppt með alls konar frumlegu smækki. Verðlaunaféð alls verður ($\frac{1}{3}$) einn þriðji hluti verðlaunafjárins það ár. Þar skulu veitt I., II. og III. verðlaun. Í byrjun skulu I. verðlaun vera kr. 1000 — eitt þúsund krónur —, II. verðlaun kr. 800 — átta hundruð krónur —, og III. verðlaun kr. 600 — sex hundruð krónur, en ber að hækka í samræmi við verðlaun í 2. flokki. Verðlaun í 1. flokki skulu alltaf standa á heilu þúsundi króna og í 2. og 3. flokki á heilu þúsundi eða hundraði króna. Alla afganga í sérhverjum flokki, sem kunna að verða vegna brota úr þúsundi eða hundraði, skal ávallt leggjja við höfuðstól, að svo miklu leyti sem fé þetta þarf ekki til þess að greiða nauðsynlegan kostnað við starfrækslu minningarsjóðsins.

Ef enginn keppandi er eða ekkert verk berst verðlaunahæft í einhvern flokkinn, skal það fé, sem til verðlauna var ætlað, þegar lagt við höfuðstól minningarsjóðsins.

8. gr.
„Ritverkasamkeppni Minningarsjóðs Josephine Einarsson“ skal stjórn sjóðsins auglýsa ár hvert um allt Ísland.

9. gr.
Sjóður þessi skal varðveittur og skipulagsskrá hans heiðruð svo lengi sem Ísland byggist.

Halldór Einarsson.